

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
58. fundur, haldinn að Lyngási 12 Egilsstöðum, 6. júní 2013

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Þórhallur Þorsteinsson, Jóhann F. Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson, Ruth Magnúsdóttir og Einar Kr. Haraldsson. Jafnframt sat fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarþjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
- 2. Fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs 29. maí**
- 3. Krepputunga. Haust/sumarferð svæðisráðs og undirbúningur verndaráætlunar**
- 4. Næsti fundur**
- 5. Önnur mál**

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.40.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 57. fundar sem samþykkt hafði verið í tölvupósti var undirrituð.

2. Fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs 29. maí

Formaður fór yfir það helsta sem rætt var og afgreitt á stjórnarfundum 29. maí. Til umræðu voru m.a. drög að atvinnustefnu þjóðgarðsins sem ætlunin er að klára í haust. Á stjórnarfundinum komu einnig fulltrúar Vegagerðarinnar og vegamál innan þjóðgarðsins voru rædd án þess að nokkuð nýtt kæmi fram.

Svæðisráð bíður eftir að fundargerð stjórnar verði birt áður en frekari umræða verður tekin um þau mál sem þar voru til afgreiðslu.

3. Krepputunga. Haust/sumarferð svæðisráðs og undirbúningur

Umhverfis- og auðlindaráðherra staðfesti friðlýsingu Krepputungu, 678 ferkílómetra svæðis sem liggur á milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu, þann 26. apríl síðastliðinn. Svæðið verður hluti Vatnajökulsþjóðgarðs en innan þess er m.a. Kverkfjallarani og Hvannalindir. Fyrir liggur að vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þetta svæði á komandi mánuðum. Svæðisráð er sammála um að horft verði til þess vinnufyrirkomulags sem viðhaft var á Vestursvæði vegna Langasjós og þótti takast vel. Svæðisráð felur þjóðgarðsverði að hefji skipulagningu þessarar vinnu hið fyrsta og senda svæðisráði tillögur um hvernig staðið verði að ferlinu þannig að vinna geti farið af stað síðsumars.

Samþykkt að svæðisráð fari í kynnisferð í Krepputungu dagana 7.-8. september. Sérstaklega þarf að skoða í þeirri ferð: Hveragil, Hvannalindir og Kverkfjöll. Þjóðgarðsverði falið að skipuleggja ferðina.

4. Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 8. ágúst síðdegis.

5. Önnur mál

- a. Vegamál á Austursvæði.** Svæðisráð Austursvæðis harmar það hve illa gengur að fá á hreint hver ber ábyrgð á slóðum og vegum innan þjóðgarðsins. Ört vaxandi umferð ferðamanna eykur líkur á óhöppum og slysum á vegum sem óljóst er hver ber ábyrgð á og hvar skaðabótaskylda liggur. Svæðisráð hvetur

stjórn þjóðgarðsins til að koma þessum málum á hreint áður en kemur til málaferla vegna slysa. Jafnframt ítrekar svæðisráð fyrri bókanir sínar um slóðir sem brýnt er að lagfæra ellegar þurfi að loka þeim fyrir allri umferð í sumar. Svæðisráð telur Kofaölduslóð eiga að vera í algjörum forgangi og síðan Sauðakofaslóð og slóðina inn í Bergkvíslarkofa. Svæðisráð hvetur sveitarstjórnir Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs til að vinna með þjóðgarðinum að því að finna fjármuni til að fara í þessar vegabætur hið fyrsta.

- b. 5 ára afmæli þjóðgarðsins.** Viðburðir verða víða í þjóðgarðinum um helgina vegna 5 ára afmælis þjóðgarðsins. Ragna Fanney sagði frá því að auglýst hefði verið fjölskylduganga í Fljótsdal laugardaginn 8. júní, Skessuganga um Tröllkonustíg undir leiðsögn Bryndísar Skúladóttur landvarðar.
- c. Hengifoss.** Landvörður á vegum Vatnajökulþjóðgarðs verður við Hengifoss í sumar á tímabilinu 22. júní til 12. ágúst.
- d. Starfsemi sumarsins.** Ragna Fanney sagði landverði vera að koma inn til starfa í Snæfellsstofu þessa dagana og starfsemi sumarsins að fara af stað. Opið hefur verið alla daga frá 1. maí og voru yfir 1100 gestir í Snæfellsstofu í maí.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.10.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Einar Kr. Haraldsson

Þórhallur Þorsteinsson